

Fundargerð

Stjórnarfundur nr. 145

9. febrúar 2026

Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar kom saman á fjarfundi 9. febrúar kl. 16:00.

Mætt eru: Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, Bjarki Þór Grönfeldt, Flosi Hrafn Sigurðsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Inga Dóra Halldórsdóttir, Sigursteinn Sigurðsson og Bragi Þór Svavarsson skólameistari.

Fundargerð ritaði Sigursteinn Sigurðsson

1. Fundur settur

Formaður stjórnar setti fundinn. Fundargerð 144. fundar lögð fyrir stjórn til samþykktar en undirritun bíður næsta fundar.

2. Lykiltölur ársreiknings lagðar fram

Ársreikningur er í vinnslu. Skólameistari fór lykiltölur í ársreikningi 2025. Skólameistari fór yfir einstaka liði til útskýringar, t.a.m. aukafjárveitingar frá ríki vegna sérverkefna og leiðréttinga vegna nemendaígilda.

Umræður fóru fram í kjölfarið.

3. Skólastarfið

Skólameistari fór yfir skólastarfið sem af er vetrar. Þrátt fyrir erfiðar áskoranir hefur þó skólabragur verið almennt góður.

Ákveðið hefur verið að starfsfólk skólans fari í starfs- og endurmenntunarferð til Berlínar í apríl með því markmiði að kynnast skólum á svæðinu og starfi þeirra er snýr að skólaþróun.

Nemendalíf hefur verið mjög öflugt. Þátttaka í Morfís í fyrsta skipti í sögu skólans fór fram á dögnum og verið er að undirbúa árshátíð nemendafélagsins. Leikfélagið er að setja upp *Gosa* og vekur athygli hversu sjálfstæð þau eru í uppsetningunni. Stjórn lýsir ánægju með flott starf NMB.

Rætt um daglegan rekstur húsnæðisins, og þá viðburði sem fram fara sem eru ekki hluti af skólastarfi. Skólinn er að vaxa og nemendum að fjölga, og að því þarf að huga. MB og Borgarbyggð eiga í samtali til að einfalda og skýra þá samvinnu.

Á fjárlögum ársins 2026 er MB með greitt fyrir 150 nemendaígildi. Þetta er stór áfangi og fagnaðarefni fyrir skólann.

Fyrir liggur aukin ásókn nemenda í fjarnám og er það áhyggjuefni. Umræður fóru fram í kjölfarið.

4. Kynningarmál

Skólameistari fór yfir áætlun vegna kynningarmála á vormisseri. Vinna við kynningarmál hefur frestast lítillega. Framundan eru þó skólaheimsóknir í húsnæði MB úr skólum í nálægum sveitarfélögum.

Farið verður í átak á samfélagsmiðlum, og hefur verið leitað til sérfræðings í þeim málum. Þar að auki er kynningarefni í vinnslu (myndbönd og bæklingar).

5. Önnur mál

1. Rætt um stöðu mála er varðar nýbyggingu nemendagarða – Hús kynslóðanna. Framkvæmdir ganga vel. Stefnt á að stjórn MB muni heimsækja húsið á næsta fundi.

Fleira var ekki gert og fundi lauk 17:00